

Aðalfundur Félags Háskólakennara á Akureyri 21. nóvember 2005

Fundargerð

1. Fundur settur: Formaður félagsins, Þórir Sigurðsson, setti fund kl. 15.30 í stofu L 201 og skipaði Birgi Guðmundsson fundarstjóra og Hafdís Björgu Hjálmarsdóttur fundarritara, með samþykki fundarmanna.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar: Hafdís Björg Hjálmarsdóttir las fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.
3. Ársskýrsla lögð fram: Þórir Sigurðsson las skýrsluna, það var um tveggja ára skýrslu að ræða, frá starfsárinu 3.10.2003-20.11.2005. Þórir fór yfir annál, þar sem hann tiltók hvað var tekið fyrir á stjórnarfundum og félagsfundum á þessu tímabili.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins. Starfs- og fjárhagsáætlun lögð fram vegna nýhafins starfsárs: Endurskoðaðir reikningar fyrir starfsárið 2003 og 2004 lagðir fram og samþykktir. Undir þessum lið fór fram stutt umræða um launakjör, varðandi yfirvinnu og hvernig hún dreifist.
5. Staðfesting á inntöku nýrra félaga: Hópur nýrra félaga var samþykktur með lófataki.
6. Ákvörðun um árgjald: það var samþykkt að hafa árgjald 1,2% af grunnlaunum (þ.e. óbreytt)
7. Tillögur til lagabreytinga: Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.

Þegar hér var komið við sögu (liður 8-10) var ákveðið að fresta fundi og hafa framhaldsfund síðar með sitjandi stjórn (ástæða: það voru of fáir í salnum til þess að hægt væri að halda áfram með fundinn, og ganga til kosninga um embættir)
Fundu slitið 16.50
Fundinn ritaði Hafdís Björg Hjálmarsdóttir

Framhaldsfundur- Aðalfundur

8. Kosning stjórnar:
9. Kosning samninganefndar
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Önnur mál
12. Fundi slitið: